

Ed.

216. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Í stað orðsins »Styrktarsjóð« í 1. gr. styrktarsjóðslaganna komi: »Eftirlaunasjóð«.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. gr. styrktarsjóðslaganna: » $1\frac{1}{2}\%$ séu« o. s. frv. til enda greinarinnar, komi:

» $1\frac{1}{2}\%$ af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.«

3. gr.

Í stað 5. gr. styrktarsjóðslaganna komi ný grein:

»Hver kennari, sem starfað hefir að barnakenslu í 25 ár og goldið tillög til sjóðsins í 5 ár, skal njóta eftirlauna úr sjóðnum, þegar hann hættir kenslustörfum, ef hann tekst ekki aðra arðvænlegri atvinnu á hendur. Veita má þó kennara, sem hætta verður kenslu sakir heilsubilunar, eftirlaun úr sjóðnum, hafi hann stundað barnakenslu í 10 ár og goldið tillög til sjóðsins í 5 ár.

Ekkjur kennara hafa sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum, sem kennarar sjálfir.

Nú deyr kennari, sem gegnt hefir kenslu í 10 ár og borgað tillög til sjóðsins í 5 ár, og nýtur þá ekkja hans eftirlauna úr sjóðnum.

4. gr.

6. gr. styrktarsjóðslaganna orðist svo:

»Eigi skal veita eftirlaun úr sjóðnum, fyr en hann er orðinn 20,000 kr., en síðan $\frac{4}{5}$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðruvisi sé ákveðið af gefanda.

Eftirlaun úr sjóðnum skal miða við starfstíma kennara, þannig, að upphæð þeirri, er verja skal til útbýtingar í hvert sinn, sé deilt með samlögðum starfsára fjölda allra þeirra, sem eftirlauna eiga að njóta, og útkoman margfölduð með starfsára fjölda hvers fyrir sig«.

5. gr.

Orðin »styrktarsjóð« í 4. gr. styrktarsjóðslaganna og »styrkveiting« í 7. gr. breytist í »eftirlaunasjóð« og »útbýting eftirlauna«.

Fyrirsögn laganna verði: »Lög um eftirlaunasjóð handa barnakennurum«.

6. gr.

Pegar lög þessi hafa öðlast samþykki alþingis og staðfesting konungs, skulu breytingar þær, sem þau ræða um, færðar inn í lög um styrktarsjóð handa barnakennurum.